# ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2017



MENNTAMÁLASTOFNUN

# Efnisyfirlit


INNGANGUR . . . 3
UM MENNTAMÁLASTOFNUN . . . 4
Skipulag og stjórnun . . . 4
Hlutverk og framtíðarsýn . . . 4
Könnun SFR á stofnun ársins . . . 5
Gæðamál og upplýsingaöryggi . . . 5
Húsnæðismál . . . 5
GERÐ OG MIÐLUN NÁMSEFNIS . . . 6
Breyting á dreifingu og lagerhaldi námsbóka . . . 6
Rafrænt efni . . . 6
Skólaheimsóknir . . . 7
Útgáfa á íslenskunámsefni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta . . . 7
Námsgagnaútgáfa . . . 7
Vísubotn 2017 . . . 8
NÁMS- OG GÆÐAMAT . . . 9
Samræmd könnunarpróf 2017 . . . 9
Aðgangspróf fyrir háskóla (A-próf) . . . 9
Íslenskupróf vegna ríkisborgararéttar . . . 9
Ytra mat . . . 9
Alþjóðleg verkefni . . . 10
Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT) . . . 10
Læsisverkefni Menntamálastofnunar . . . 11
VELLÍÐAN NEMENDA . . . 13
Dagur gegn einelti . . . 13
Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum . . . 13
Leyfisveitingar og vottanir . . . 13
Innritun í framhaldsskóla . . . 14
Starfsgreinaráð . . . 14
FUNDIR OG KYNNINGAR . . . 15
Afmælisráðstefna . . . 15
Lestur er lykill að ævintýrum . . . 15
Niðurstöður lesfimiprófa kynntar . . . 15
Opið hús á degi íslenskrar tungu . . . 16
Barnabókin er svarið! . . . 16
Menntakvika 2017 . . . 16
Pisa í hnotskurn . . . 16
HEIMSÓKNIR . . . 16
Góðar og nytsamlegar ábendingar . . . 16
Góð heimsókn nemenda í ritlist hjá Bókasafni Kópavogs . . . 16
STARFSMANNAMÁL OG FLEIRA . . . 17
Skýrslur . . . 17
Heimasíða og samfélagsmiðlar . . . 17
Nokkrar tölur úr málaskrá . . . 17
Fjárhagur og rekstur . . . 18
VIÐAUKI: Námsefnisútgáfa Menntamálastofnunar árið 2017 . . . 20



**Ársskýrsla Menntamálastofnunar 2017**
Umsjón: Gunnhildur Steinarsdóttir og Óskar H. Nielsson
Umbrot og hönnun: Menntamálastofnun
Ábyrgðarmaður: Arnór Guðmundsson

# Inngangur

Á öðru starfsári Menntamálastofnunar var áfram unnið að uppbyggingu innviða stofnunarinnar og ýmislegt hefur áunnist í starfsemi hennar. Að byggja upp nýja stofnun tekur tíma. Ólík menning og starfshættir voru í þeim stofnunum sem runnu inn í Menntamálastofnun, ný verkefni bættust við og nýtt starfsfólk með þeim. Miklar breytingar urðu á starfseminni með innleiðingu rafræns prófakerfis, útvistun lagerhalds og dreifingar á námsbókum til grunnskóla og innleiðingar nýrra mælitækja í lestri, svo dæmi séu nefnd. Á sama tíma var unnið að gerð nýrra starfslýsinga, verkferla og áætlana í samræmi við góða stjórnunarhætti opinberra stofnana. Árið 2017 var því mótunarár.

Samhliða því að leggja rækt við innra starf leitaðist stofnunin við að auka og bæta tengsl út á við. Unnið var að gerð kynningarstefnu og leitað eftir sjónarmiðum þeirra sem hagsmuni hafa af þjónustu stofnunarinnar. Jafnframt var upplýsingamiðlun aukin með nýtingu samfélagsmiðla og upplýsinga- og fjarfunda og heimsóknum starfsmanna í skóla fjölgað. Tekin var upp sú nýjung að ritstjórar námsefnis heimsækja nú grunnskóla reglulega, kynna námsefni og leita eftir sjónarmiðum skóla varðandi námsefni. Í tengslum við stofnunina starfa ráðgjafarnefnd, fagráð, ungmennaráð og ýmsir ráðgjafahópar t.d. varðandi námsmat, námsgögn og hag nemenda. Stofnunin hefur einnig gert samstarfssamninga við háskóla sem styður við faglegt starf t.d. á sviði greininga.

Ávallt má gera betur í upplýsingagjöf og samráði og er Menntamálastofnun meðvituð um að þennan þátt þarf að efla. Með upplýsingagjöf og miðlun þekkingar má veita almenningi forsendur til að öðlast skilning og taka afstöðu til málefna er hann varðar. Menntamál snerta hvert einasta mannsbarn hvort sem það er sem nemandi, foreldri eða sá sem lætur sig framtíð lýðræðis eða atvinnulífs varða. Stjórnvöld og hagaðilar leggja einnig í æ ríkara mæli áherslu á að grundvalla ákvarðanatöku og stefnumörkun á traustum gögnum. Það er því mikilvægt að fyrir hendi séu skýrar og áreiðanlegar upplýsingar um menntamál sem geta orðið grundvöllur upplýstrar umræðu og ákvarðanatöku. Ekki síst eru traust gögn síðan grundvöllur faglegrar vinnu í skólum og fyrir nemendur og foreldra að fá upplýsingar um stöðu náms.

Menntamálastofnun hefur smám saman byggt upp getu sína til að takast á við þau fjölbreyttu viðfangsefni sem henni er ætlað að sinna. Í flóknum heimi stafrænnar vinnslu og kerfa tekur slíkt tíma og viðbúið að einhver áföll verði á leiðinni. Gildir þá að muna að svo lengi lærir sem lifir og að mestu skiptir að draga réttan lærdóm af því sem fyrir hendur ber.

*Arnór Guðmundsson*
*forstjóri*



# Um Menntamálastofnun

Menntamálastofnun tók að fullu til starfa þann 1. okt. 2015 en lög um stofnunina voru samþykkt á Alþingi í júlí það ár. Samkvæmt lögum nr. 91/2015 er Menntamálastofnun stjórnsýslustofnun á sviði menntamála sem stuðla skal að auknum gæðum skólastarfs og framförum í þágu menntunar í samræmi við lög og stefnu stjórnvalda, bestu þekkingu og alþjóðleg viðmið.

Kjarnastarfsemi Menntamálastofnunar er fjórþætt:

- Stofnunin sér öllum grunnskólanemendum fyrir fjölbreyttum og vönduðum námsgögnum sem eru í samræmi við aðalnámskrá.
- Hún sinnir eftirliti og metur með mælingum árangur af skólastarfi.
- Menntamálastofnun sér um söfnun, greiningu og birtingu upplýsinga um menntamál og veitir stjórnvöldum, fagaðilum og almenningi upplýsingar og leiðbeiningar á grundvelli þeirra.
- Loks sinnir Menntamálastofnun ýmiss konar stjórnsýslu og þjónustu, svo sem innritun í framhaldsskóla, undirbúningi að staðfestingu námsbrautalýsinga og útgáfu leyfa.

## Skipulag og stjórnun

Starfsemi Menntamálastofnunar var á árinu 2017 í megindráttum skipt á milli þriggja sviða.

Matssvið hefur með höndum framkvæmd prófa og kannana, úrvinnslu þeirra og framsetningu á niðurstöðum. Á matssviði fer einnig fram ytra mat á leik-, grunn- og framhaldsskólum, greining á stöðu skólakerfisins og öflun viðeigandi gagna varðandi framgang stefnu stjórnvalda.

Miðlunarsvið hefur með höndum gerð og miðlun námsgagna, námsbóka, kennsluleiðbeininga og stafræns efnis. Sviðið hefur einnig umsjón með uppbyggingu gagnagrunna á vegum stofnunarinnar og hönnun viðmóts fyrir notendur alls efnis.

Þjónustusvið sér um þjónustu og stjórnsýsluverkefni vegna staðfestingar námsbrautalýsinga og innritunar í framhaldsskóla, viðurkenningar einkaskóla, leyfisbréf og velferðarmál. Einnig sér þjónustusvið um fjármál og sameiginlega þjónustu innan Menntamálastofnunar. Sameiginlega sjá sviðin þrjú um greiningu og miðlun upplýsinga og ráðgjöf á vegum stofnunarinnar.

## Hlutverk og framtíðarsýn

Menntamálastofnun hefur skilgreint sem tilgang sinn að „stuðla að auknum gæðum skólastarfs svo að nemendur fái notið bestu mögulegrar menntunar“. Að því miðar allt starf stofnunarinnar innan þess ramma sem lög og stefna stjórnvalda setur. Menntamálastofnun kappkostar að þau gögn sem stofnunin aflar, greinir og miðlar séu áreiðanleg, gagnreynd og skiljanleg. Þau nýtist í þágu nemenda og árangurs í námi sem og stjórnvöldum við mótun stefnu og innleiðingu hennar.

## Könnun SFR á stofnun ársins

Menntamálastofnun var í 75. sæti af 86 stofnunum í könnun SFR á stofnun ársins 2017 með 3,627 stig sem var nokkur bæting frá árinu áður. Niðurstöðurnar voru greindar, farið yfir þær með stjórnendum og starfsmönnum og árið notað til að vinna að ýmsum úrbótaverkefnum sem voru afrakstur innra gæðamats stofnunarinnar samkvæmt CAF staðlinum.

## Gæðamál og upplýsingaöryggi

Á árinu var haldið áfram vinnu við skipulagningu og undirbúning fyrir öryggisvottun á upplýsingakerfum (ISO-27001) samhliða því að undirbúa stofnunina fyrir nýja persónuverndarlöggjöf ESB (GDPR). Í því sambandi var ákveðið að hefja undirbúning á innleiðingu á nýrri gæðastjórnunarlausn frá Origo sem er hýst í skýinu, CCQ (e. Cloud Compliance & Quality). Verið er að fara yfir alla verkferla er varða meðferð og vinnslu persónuupplýsinga og endurskoða þá í samræmi við þann ramma sem GDPR tilskipunin setur. Sett var á laggirnar gæðateymi með það hlutverk að vinna að undirbúningi innleiðingar nýrrar gæðahandbókar.

## Húsnæðismál

Stefnt er að því að gera breytingar á húsnæði Menntamálastofnunar í samræmi við fyrirliggjandi tillögur sem unnar voru árið 2017. Vonast er til að hægt verði að ráðast í breytingarnar á seinni hluta ársins 2018. Á árinu var lager Menntamálastofnunar fluttur í vöruhús A4 eftir að stofnunin samdi við fyrirtækið um lagerhald og dreifingu námsgagna. Þá leigði stofnunin 470 fermetra rými á 1. hæð hússins til RMK ehf.

### Húsnæðishópur

Stofnaður var húsnæðishópur á árinu sem lagði fram áætlun um húsrýmisþörf miðað við fjölda starfsmanna og verkefna. Starfsfólk hefur gert athugasemdir við loftræstingu og hljóðeinangrun í opnum rýmum og brugðist verður við því eins og fjárhagur leyfir. Miðað við hvernig húsnæðið er skipulagt í dag þá reynist þörf vera á 300 $m^2$ til viðbótar af skrifstofu- og fundarrými. Fenginn var innanhússarkitekt til þess að útfæra hugmyndir starfsmanna um breytingar á fundarherbergjum og sameiginlegum rýmum með það fyrir augum að gera þau vistlegri og nýtilegri miðað við starfsemi stofnunarinnar. Unnið verður áfram að húsnæðismálum á komandi misserum, þá bæði er varðar innanhúsbreytingar og einnig verður reynt að auka við skrifstofurými á árinu 2018.



# Gerð og miðlun námsefnis

Miðlunarsvið hefur með höndum gerð og miðlun námsgagna, bæði námsbóka, kennsluleiðbeininga og stafræns efnis ásamt hönnun viðmóts fyrir notendur alls efnis. Sviðið sinnir einnig þróun námsgagna og stuðningi við kennara um nýtingu þeirra.

## Breyting á dreifingu og lagerhaldi námsbóka

Menntamálastofnun og A4 gerðu með sér samning um lagerhald og dreifingu á námsgögnum í maí 2017. Í framhaldi af greiningarvinnu sem unnin var hjá Menntamálastofnun árið 2016 var ákveðið að bjóða út hýsingu og dreifingu námsgagnalagers stofnunarinnar. Ríkiskaup bauð verkefnið út, þrjú tilboð bárust og átti A4 hagstæðasta tilboðið. Um er að ræða dreifingu til allra skóla í landinu og lagerhald útgefinna námsbóka auk nýrra bóka sem gefnar verða út á samningstímanum sem er til þriggja ára. Breyting þessi hefur í för með sér talsverða hagræðingu og sparnað sem mun nýtast til frekari útgáfu námsgagna fyrir grunnskóla.

Þá var gerð sú breyting að ekki er lengur hægt að kaupa námsbækur og annað námsefni frá Menntamálastofnun hjá A4. Því er eftir sem áður úthlutað til grunnskóla endurgjaldslaust. Auk þess var tekin upp sú nýbreytni að kvóti skóla var afnuminn sem gerir það að verkum að hver skóli getur pantað efni eftir þörfum. Breytingar þessar voru vel kynntar en stofnunin stóð fyrir 12 kynningarfundum um land allt í apríl og maí.

Stofnunin leggur áherslu á að bjóða áfram upp á góða þjónustu við skólana. Heildarumfang þessara sendinga hefur verið umtalsvert. Á árinu 2017 var t.d. rúmlega 3.600 sendingum komið til skólastofnana á Íslandi. Stofnunin kemur til með að halda áfram að þróa samstarf við A4 og grunnskólana á komandi misserum í þeim tilgangi að bæta þjónustu við skólana.



## Rafrænt efni

Í framhaldi af gerð nýrrar heimasíðu fyrir stofnunina hefur staðið yfir stöðug tiltekt og einföldun á þeim vefjum sem stofnunin hefur yfir að ráða. Námsvefirnir eru rúmlega 200 talsins og sumir komnir til ára sinna. Margir þeirra eru tæknilega úreltir og verða þeir teknir til endurskoðunar, eftir því sem tími vinnst til.






## Skólaheimsóknir

Á haustmisseri heimsóttu ritstjórar námsefnis alls 28 skólastofnanir vítt um landið. Nýtt og nýlegt námsefni var kynnt og ritstjórar ræddu við kennara. Heimsóknirnar hafa mælst vel fyrir og eru sniðnar að áhugasviði og þörfum hvers skóla fyrir sig, hverju sinni. Markmið stofnunarinnar er að bjóða öllum skólum landsins upp á heimsókn ritstjóra á næstu tveimur árum. Heimsóknir þessar koma sem viðbót við venjubundið kynningarstarf t.d. á haustþingum landshlutafélaga kennara.

## Útgáfa á íslenskunámsefni fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta

Hafin var vinna við smíði og þróun íslenskuefnis fyrir heyrnarlausa í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Unnið er að smíðum kerfis sem birtir námsbækur á vef, texta bókarinnar samhliða myndbandi með táknmálstúlkun. Stofnunin bindur miklar vonir við þessa vinnu þar sem þessi útgáfa er eitt þeirra fjölmörgu atriða þar sem úrbætur voru löngu tímabærar. Þessi vinna er þróunarstarf á heimsmælikvarða þar sem ekki virðist hafa verið smíðað sambærilegt kerfi áður.

## Námsgagnaútgáfa

Útgáfa ársins 2017 var með hefðbundnum hætti að því leyti að mest áhersla var á námsefni í íslensku. Þá var einnig gefið út talsvert af námsefni í stærðfræði auk annarra greina svo sem samfélagsfræði og dönsku. Allt efni var gefið út samhliða á rafrænu formi en stefna stofnunarinnar er að allt efni komi út jafnt á rafrænu sem prentuðu formi sem og hljóðefni þar sem við á. Mikil áhersla var einnig á að gefa áður útgefna titla út rafrænt. Þá var einnig gefið út talsvert af hljóðefni. Alls komu út á árinu 86 nýir og endurgerðir titlar auk endurprentana. Stór hópur höfunda og teiknara vann að námsefnisgerð á árinu ásamt ritstjórum stofnunarinnar. Yfirlit yfir það helsta sem gefið var út í einstökum greinum á árinu kemur hér að neðan.

### Íslenska

Á árinu 2017 var lokið við bókaflokkinn *Orðspor* 1-3, námsefni í íslensku ætlað 5.-7. bekk. Höfundar eru Ása Marin Hafsteinsdóttir og Kristjana Friðbjörnsdóttir. Bókunum fylgja verkefnabækur og rafrænar kennsluleiðbeiningar. *Laxdæla saga* var gefin út í nýrri útgáfu þar sem Ragnar Ingi Aðalsteinsson tók að sér að vinna verkefni, orðaskýringar og kennsluleiðbeiningar. Ragnar Ingi gerði jafnframt stytta útgáfu af Gísla sögu Súrssonar. *Lyginni líkast* eftir Arndísi Þórarinsdóttur sem kom út fyrir nokkrum árum var gefin út sem rafbók.

Á unglingastigi var útgefið efni nánast eingöngu rafrænt. Áður útgefnar bækur voru settar á rafrænt form, *Heimir*, *Logar*, *Með fjaðrabliki* og *Sérðu það sem ég sé?*

Í íslensku á yngsta stigi kom út bókin *Ánamaðkar* eftir Jón Guðmundsson, fjórða bókin í lestrarbókaflokknum *Milli himins og jarðar*. Í bókunum er reynt að vekja forvitni nemenda á efninu og virkja áhuga þeirra til lestrar. Einnig bættist við sjöunda bókin í bókaflokknum *Sestu og lestu*, *Geitur í garðinum* eftir Guðmund Ólafsson en þar er lagt upp úr stuttum köflum og liprum texta sem brotinn er upp með teiknimyndasögum á stöku stað. Léttur fræðitexti og verkefni eru aftast í hverri bók. Fjórar léttlestrarbækur bættust við flokkinn *Listin að lesa og skrifa: Í bíltúr*, *Í þoku*, *Músasaga* og *Þarabær*. Bækurnar eru eftir Arnheiði Borg og Sigrúnu Löve og eru fyrir

byrjendur í lestri, án samhljóðasambanda með myndrænni framsetningu og góðu línubili. Að auki voru fjórar vinnubækur í flokknum endurútgefnar og eru nú með hjálparlínum, tengikrókum og forskrift fyrir örvhenta.

### Tónmennt

Haldið var áfram við að endurnýja tónmenntarefni með útgáfu bókanna *Dægurspor* og *Tónlist og líkaminn*. *Dægurspor* er ætlað mið- og unglingastigi og samanstendur af nemendabók ásamt kennaraefni og verkefnum á vef og hlustunarefni á læstu svæði kennara. Höfundur er Pétur Hafþór Jónsson. Rakin eru spor dægurtónlistar frá bænda- og hirðdönsum miðalda til stórsveita eftirstríðsára og danshljómsveita 6. áratugar. Dægurspor skoða einnig tíðaranda, hin margvíslegu litbrigði mannlífsins.

Námsefnið *Tónlist og líkaminn* er eftir Ólaf Schram og Skúla Gestsson en efnið er hluti af bókaflokki í tónmennt á yngsta stigi og samanstendur af nemendabók, kennarabók og hlustunarefni. Í bókinni er líkaminn notaður til að læra um tónlist, skynja hana og skapa.

### Stærðfræði

Á árinu var lokið við útgáfu á stærðfræðinámsefninu *Skala* fyrir unglingastig. Útgáfa *Skala* hljóðar nú upp á tvær nemendabækur, tvö æfingahefti, flettibækur, verkefnablöð, lausnir og kennarabækur fyrir hvern árgang unglingastigs.

### List- og verkgreinar

Lokið var við útgáfu kennsluleiðbeininga sem fylgja með bókunum *Heimilisfræði* 2, *Heimilisfræði* 3 og *Heimilisfræði* 4.

### Samfélagsgreinar

Útgáfa í samfélagsgreinum var fjölbreytt að vanda enda fellur efni í landafræði, sögu, lífsleikni, þjóðfélags- og trúarbragðafræði undir þennan flokk. Út kom bókin *Könnum kortin* 2 sem og fjórar rafbækur í bókaflokknum *Sögugáttin*. Gefin var út ein bók í trúarbragðafræði, *Trúarbrögð – Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar* sem kom út á rafbók.

### Upplýsinga- og tæknimennt

Lokið var við að endurforrita *Fingrafimi* 1, sem er vefur sem kennir fingrasetningu. Á vefnum eru samtals 12 æfingar og í hverri æfingu eru sex til fimmtán verkefni ásamt kennsluleiðbeiningum og skráningarblöðum.

### Erlend tungumál

Í dönsku kom út námsefnið *TAK* sem ætlað er fyrir unglingastig. Efnið samanstendur af grunnbók, hljóðbók, verkefnabók A og B, hlustunaræfingum, skapandi verkefnum, lausnum og kennsluleiðbeiningum. Efnið fléttar saman alla færniþætti tungumálanáms og er mikil fjölbreytni í textum og verkefnum. Auk þess kom út bókin *Bordbombe*, bæði prentuð og sem rafbók. Hún inniheldur fjölbreytta texta, m.a. smásögur og ljóð eftir danska höfunda, sjálfspróf, skrýtlur og dægurlagatexta. Nemendur geta unnið nokkuð sjálfstætt með efnið og oft valið framsetningu verkefna. Mörg þeirra má vinna í snjalltækjum og er áhersla á samskipti og frásögn.

Í ensku kom út hljóðbók og hlustunaræfingar við bókina *Ready for action*, sem er grunnefni á miðstigi.

### Vísubotn 2017

Í tilefni af degi íslenskrar tungu 16. nóvember efndi Menntamálastofnun til árlegrar vísnasamkeppni grunnskólanema, Vísubotn 2017. Þetta var sjöunda árið í röð sem keppnin var haldin og annað árið í samstarfi við KrakkaRúv. Í keppninni spreyta nemendur sig á því að botna fyrriparta eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson.

# Náms- og gæðamat

## Samræmd könnunarpróf 2017

### 9. og 10. bekkur

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir rafrænt í annað sinn í mars 2017. Samtímis því að ákveðið var að leggja prófin fyrir rafrænt var gerð sú breyting að þau skyldu lögð fyrir 9. bekk í stað 10. bekkjar eins og áður hafði verið. Þá var bætt við reglugerð nr. 173/2017 ákvæði til bráðabirgða að vorið 2017 skyldu samræmd könnunarpróf einnig lögð fyrir 10. bekk. Í mars 2017 voru þau því lögð samtímis fyrir 9. og 10. bekkinga eða 7.572 nemendur. Fyrirlagnirnar gengu vel og almennt gætti ánægju meðal kennara og nemenda með hvernig til tókst. Menntamálastofnun stóð fyrir ellefu kynningarfundum um allt land í byrjun febrúar sem voru öllum opnir. Niðurstöður samræmdra könnunarprófa voru sendar til grunnskóla þann 19. apríl og greining og heildaniðurstöður voru gefnar út í júní.

### 4. og 7. bekkur

Samræmd könnunarpróf voru lögð fyrir 4. og 7. bekk dagana 21.–22. september og 28.–29. september 2017. Í 4. bekk voru það 4.043 nemendur sem þreyttu próf og 4.386 nemendur í 7. bekk. Í aðdraganda þeirra var boðið upp á reglulega fjarfundi þar sem sérfræðingar svöruðu fyrirspurnum. Fyrirlögn prófanna gekk vel og án teljandi vandræða. Einungis smávægileg vandamál komu upp sem voru leyst fljótt og vel. Niðurstöður nemenda voru sendar skólum 27. október og í lok nóvember voru gefnar út heildarniðurstöður.

## Aðgangspróf fyrir háskóla (A-próf)

Menntamálastofnun, í samstarfi við Háskóla Íslands, sér um gerð, framkvæmd og úrvinnslu A-prófs. Þrjár deildir við Háskóla Íslands nota A-prófið við inntöku nýnema, Lagadeild og Hjúkrunarfræðideild ásamt Læknadeild en sú síðastnefnda notar A-prófið sem hluta af tveggja daga inntökuprófi deildarinnar sem haldið er í júní ár hvert. Prófstaðir eru auk höfuðborgarsvæðisins á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði og Selfossi. Prófið var haldið tvisvar á árinu, í mars og júní. Í mars þreyttu 295 prófið en í júní voru próftakar alls 486.

## Íslenskupróf vegna ríkisborgararéttar

Árið 2017 var umsjón með skráningu í próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt flutt til Mímis-Símenntunar. Menntamálastofnun hefur enn umsjón með gerð og yfirferð prófanna. Prófin eru haldin tvisvar á ári, að vori og hausti. Að vori 2017 voru þau lögð fyrir 22. maí – 7. júní og þreyttu 241 prófið. 6.–17. nóvember þreyttu 187 prófið.

## Ytra mat

Menntamálastofnun hefur umsjón með ytra mati á leik, grunn- og framhaldsskólum fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í ytra mati felst að matsaðilar Menntamálastofnunar leggja mat á starfsemi viðkomandi skóla með hliðsjón af gildandi viðmiðum sem meðal annars byggja á lögum, reglugerðum og aðalnámskrám. Er það gert með skoðun á fyrirliggjandi gögnum

um starfsemi skólans, vettvangsheimsóknum matsaðila og viðtölum við börn/nemendur, starfsfólk skóla og foreldra. Sveitarstjórn sækir um að fá ytra mat á leikskóla með því að svara árlegri auglýsingu frá Menntamálastofnun. Grunnskólarnir sem metnir eru árlega eru valdir af sérstakri verkefnisstjórn fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Bundið er í lögum að meta eigi framhaldsskóla á fimm ára fresti og ákveður mennta- og menningarmálaráðuneyti röðun þeirra. Á árinu 2017 voru tíu grunnskólar, sex framhaldsskólar og sex leikskólar metnir. Í kjölfarið voru gefnar út 22 skýrslur.

## Alþjóðleg verkefni

### PISA

Könnunin er helsti alþjóðlegi mælikvarðinn á gæði og árangur grunnskólastarfs í þátttökulöndunum. Könnunin er lögð fyrir þriðja hvert ár og því er hægt að fylgjast með þróuninni hér á landi í samanburði við önnur lönd. PISA metur hæfni 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræðilæsi og náttúrufræðilæsi en aðaláherslan er til skiptis á eitt þessara faga hverju sinni. Árið 2017 fór fram forprófun PISA 2018 með þátttöku 28 skóla á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akranesi. Forprófun fer fram árið fyrir aðalfyrirlögn og nýtast niðurstöður hennar til að stilla matstækið, einstök prófatriði og verkferla.

### TALIS

TALIS-rannsóknin er framkvæmd af OECD og er ætlað að fylla upp í þá mynd af skólakerfum landanna, sem þegar hefur fengist úr öðrum alþjóðlegum rannsóknum svo sem PISA. Í rannsókninni gefst kennurum, skólastjórum og öðru starfsfólki kostur á að lýsa starfsaðstæðum sínum, starfsháttum, endurgjöf, starfsþróun, starfsánægju og öðrum mikilvægum þáttum í starfi sínu.

### Eurydice

Á vegum *Eurydice* er safnað, unnið úr og dreift samanburðarhæfum upplýsingum um menntakerfi og menntastefnur í 38 Evrópulöndum. Skýrslur Eurydice eru lýsingar á menntakerfum einstakra landa, samanburðarathuganir á tilteknum málaflokkum og svo tölfræðileg gögn um einstaka þætti menntakerfanna. Landsskrifstofa Eurydice á Íslandi er staðsett hjá Menntamálastofnun. Árið 2017 voru gefnar út 15 skýrslur en útgefið efni má nálgast á vef Eurydice.

### Youth Wiki

*Youth Wiki* er upplýsingasíða sem fjallar um margvísleg málefni tengd stöðu ungs fólks í Evrópu. Ísland hefur verið þátttakandi frá upphafi verkefnisins árið 2015. Safnað hefur verið gögnum í níu yfirgripsmikla kafla. Vinnu við kaflana lauk á árinu 2017. Endurskoðun á efni kaflanna og uppfærslur fara fram á næstu árum ásamt gerð kynningarefnis.

## Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)

Staða sérfræðings í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) var þann 1. mars 2017 flutt til Menntamálstofnunar frá Reykjavíkurborg. Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga og innanríkisráðuneytið, vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, gerðu með sér samning til þess að tryggja stuðning og ráðgjöf við kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál í leik- og grunnskólum utan Reykjavíkur. Verkefni sérfræðingsins eru fjölmörg en eitt af þeim er að upplýsa Jöfnunarsjóð sveitarfélaga um nemendur á grunnskólaaldri í sveitarfélögum, öðrum en Reykjavíkurborg, sem þurfa á sérstakri ÍSAT kennslu að halda og vitað er að njóta munu fræðslu á skólaárinu.

### Ploteus

Menntamálastofnun tekur þátt í Evrópuverkefnunum *Ploteus I* og *Ploteus II*, verkefnum er snúa að gerð gagnagrunns um námstækifæri, nám og námsgráður í Evrópu. Upplýsingum um námsframboð allra framhaldsskóla og háskóla á Íslandi var safnað saman í gagnagrunn sem er aðgengilegur á vef Evrópusambandsins um námstækifæri og námsgráður. Samhliða þessum verkefnum er unnið að gerð vefsíðu, *menntabrunnur.is* með sambærilegum upplýsingum fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskólum.

### Refernet

Á vegum Cedefop starfrækir Menntamálastofnun *ReferNet* sem er samstarfsnet um upplýsingasöfnun og miðlun upplýsinga um starfsmenntun í Evrópu. Öll lönd Evrópusambandsins ásamt Noregi og Íslandi taka þátt í samstarfinu. Tengiliðir í hverju landi hafa það hlutverk að afla upplýsinga um nýjungar í starfsmenntun og breytingar á lögum og reglugerðum tengdum starfsnámi. Cedefop skrifar í kjölfarið yfirlitsskýrslur um stöðu starfsmenntunar innan Evrópu og miðlar til samstarfsaðilanna. Kerfið var sett á stofn 1975 af Cedefop til að mæta vaxandi eftirspurn eftir upplýsingum til að auðvelda samanburð á þróun og mismunandi stefnumótun aðildarríkjanna.

## Læsisverkefni Menntamálastofnunar

### Lesferill

Lesferill er samheiti fyrir mælitæki sem nýtast við mat á læsi í leik- og grunnskólum. Á árinu 2017 gekk Menntamálastofnun frá samningum um notkun lestrarprófa sem eru í almennri notkun í leik- og grunnskólum. Próf eins og *HLJÓM-2*, *Orðarún*, *Orðalykill*, *Lesmál* og *Leið til læsis* eru nú boðin skólunum þeim að kostnaðarlausu. Eins var byrjað á gerð stafsetningarprófagrunns fyrir 3.-10. bekk og þróun ritunarramma. Þá var hafin vinna við vefsvæði sem mun bera nafnið Lesferilsvefurinn og mun innihalda íhlutunarefni sem nýtist kennurum og foreldrum til að bregðast við niðurstöðum matstækja Lesferils. Vefurinn mun einnig innihalda fjölbreytta fræðslu, verkefni og verkfæri til að efla mismunandi þætti læsis.

### Lesfimi

Lesfimipróf er eitt af mælitækjum Lesferils og er lagt fyrir ár hvert í janúar, maí og september. Eftir fyrirlögnina í maí 2017 var gefin út skýrsla en það verður framvegis gert í kjölfar hverrar fyrirlagnar.

### Samstarf og útgáfa

**Smáforrit í leikskólum** – Könnun var gerð á notkun smáforrita í leikskólum og voru niðurstöður sendar í alla leikskóla landsins. Kynnt voru sérstaklega 15 algengustu forrit sem leikskólar á landinu nota og birt var yfirlit yfir öll forrit sem notuð eru í leikskólum.

**Orðaforðalisti** – Orðaforðalisti er verkfæri til að efla orðaforða barna á leikskólaaldri og var hann sendur í alla leikskóla í landinu. Listinn er yfirlit yfir orð sem æskilegt er að börn á leikskólaaldri hafi á valdi sínu. Orðaforðalistinn og hugmyndabanki honum tengdur eru aðgengilegir á vef Menntamálastofnunar og öllum opinn.

**Lengi býr að fyrstu gerð** – Á veggspjaldinu *Lengi býr að fyrstu gerð* eru ráðleggingar um hvernig hægt er að efla málþroska barna. Því var dreift í leikskóla og til foreldra ungra barna á foreldramorgnum. Eins er það aðgengilegt á vef Menntamálastofnunar.

**Skólagátt - gagnagrunnur**

Menntamálastofnun leggur áherslu á að kennarar fái aðgengileg og nothæf vinnugögn í kjölfar lesfimiprófa. Árið 2017 voru nýjar birtingarmyndir í Skólagátt kynntar og þeim vel tekið. Nýja birtingarformið var hannað til að auðvelda kennurum og skólastjórnendum að sjá stöðu nemenda og veita endurgjöf. Þegar prófinu er lokið slá kennarar inn niðurstöður lesfimiprófs og fá aðgang að niðurstöðum bæði sem töflu og súluriti þar sem fram koma staða og framfarir nemenda yfir skólaárið.

**Sumarlæsisdagatal** – Tilgangur læsisdagatalsins er að hvetja börn til lesturs í sumarfríinu. Það inniheldur fjölmargar spennandi leiðir að lestri, flestar fyrir börn sem eru farin að lesa. Annars vegar er það útfyllt með hugmyndum og hins vegar óútfyllt þannig að hægt er að fylla inn í það út frá áhuga og aðstæðum. Læsisdagatalinu var dreift í samstarfi við almenningsbókasöfnin og samtökin Heimili og skóla.

**Samstarf við rithöfunda** – Á vormánuðum var stofnað til samstarfs við rithöfunda. Fundað var með SÍUNG Samtökum íslenskra barna- og unglingabókahöfunda, um samstarf að eflingu læsis. Í kjölfarið heimsóttu rithöfundar skóla með upplestur, fræðslu og námskeið í skapandi skrifum.




**Jólasveinalestur** – Verkefnið Jólasveinalestur var unnið í samstarfi við skólabókasöfnin en tilgangur þess var að hvetja börn til lesturs í jólafríinu. Fjöldi áhugasamra barna á aldrinum 6-12 ára tók þátt í verkefninu. Tíu börn voru dregin úr potti og hlutu þátttökuverðlaun, bókina *Amma best* eftir Gunnar Helgason.

**Myndband og bæklingur** – Unnið var stutt kynningarmyndband og bæklingur um tilgang og markmið læsisverkefnisins.

**Dagur leikskólans** – Í tilefni dags leikskólans var unnið myndband sem lýsti því hversu ötullega er unnið að eflingu málþroska og læsis dag hvern í leikskólum landsins. Tíu leikskólar lögðu stofnuninni lið og sendu myndir úr starfinu.

**Sögur – samstarf við RÚV/KrakkaRÚV** – Stofnað var til umfangsmikils samstarfs við RÚV/KrakkaRÚV um framleiðslu á efni er hvetur börn á aldrinum 6-12 ára til aukins lesturs og skapandi skrifa. Dreifing á efninu fór fram í gegnum sjónvarps- og vefmiðla RÚV og Menntamálastofnunar.

Afurðir *Sögu* verkefnisins árið 2017 í samstarfi við RÚV eru margvíslegar: Tekin voru upp viðtöl barna við rithöfunda, framleiddir útvarpsþættir og viðtöl þar sem rætt var við börn um barnabækur. Fjallað var um skapandi skrif með ýmsum hætti. Umfjöllun var í sjónvarpi og á vef, fluttar voru sögur eftir börn á margvíslegan hátt, upplesnar af höfundunum sjálfum og fluttar myndskreyttar í sjónvarpi. Fjórar ritunarsamkeppnir voru þróaðar ásamt kynningarefni fyrir vef og sjónvarp. Handritin koma til með að verða að stuttmyndum, útvarpsleikritum sem flutt verða í Útvarpsleikhúsinu, tveimur leikritum sem flutt verða á sviði Borgarleikhússins og smásögum í rafbók sem Menntamálastofnun hefur þegar gefið út.






# Vellíðan nemenda

## Dagur gegn einelti

Dagurinn 8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu. Árið 2017 var dagurinn haldinn í sjöunda sinn og sjónum beint sérstaklega að forvörnum gegn einelti í skólum. Vináttuverkefni Barnaheilla hlaut hvatningarverðlaun dags gegn einelti 2017. Kristján Þór Júlíusson, mennta- og menningarmálaráðherra afhenti verðlaunin við athöfn sem haldin var í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og var það Kolbrún Baldursdóttir, formaður Barnaheilla sem tók við þeim.

## Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Menntamálastofnun að halda utan um verkefnið „Aðgerðir gegn brotthvarfi í framhaldsskólum". Verkefnið er til þriggja ára, frá 2016 til 2018 og er því ætlað að styðja við markmið *Hvítbókar um umbætur í menntamálum*.

Hlutverk Menntamálastofnunar í verkefninu er m.a. að sjá til þess að skimunarpróf sé lagt fyrir nýnema allra framhaldsskóla til að kortleggja hvers konar áhættuþættir einkenna nemendahóp viðkomandi skóla, annast umsýslu með styrkjum til aðgerða í skólum sem taka mið af aðgerðaáætlun og skimunarniðurstöðum og kalla eftir skráningu á ástæðum brotthvarfs.

Skimunarprófið var lagt fyrir nýnema allra framhaldsskóla árið 2017 og náði prófið til um 95% allra þeirra sem voru að hefja nám í framhaldsskóla að loknum grunnskóla haustið 2017.

Alls sóttu 17 skólar um styrki til aðgerða gegn brotthvarfi. Menntamálastofnun sendi ráðuneytinu tillögur að styrkveitingum að upphæð kr. 57.897.930 kr. sem ráðuneytið samþykkti í júní 2017. Sem dæmi um verkefni sem fengu styrk má nefna aðgengi að sálfræðiþjónustu, styrki til að auka stuðning við nemendur sem komu illa út úr skimunarprófinu svo sem sérnámskeið, fyrirlestra, hópráðgjöf og útgáfu kynningarefnis fyrir foreldra.

Menntamálastofnun óskaði eftir því að skólar hefðu samand við þá nemendur sem hættu námi á haustönn 2017 áður en til lokaprófa kom til að kanna ástæður þess að nemendur hefðu hætt í námi. Alls hættu 752 nemendur námi áður en til lokaprófa kom á haustönn 2017. Alls sagðist 141 nemendi eða 19% af heildarfjölda hafa hætt vegna andlegra veikinda. 213 nemendur, eða 28% af heildarfjölda, hættu eða var vísað úr námi vegna brots á mætingarreglum og þar af voru 80 nemendur á fræðsluskyldualdri.

## Leyfisveitingar og vottanir

### Viðurkenning og vottun

Fjórar umsóknir bárust um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi. Þrjár þeirra voru samþykktar til þriggja ára en ein umsókn er enn í umsóknarferli. Engin umsókn um viðurkenningu einkaskóla á grunnskólastigi barst. Þrír framhaldsfræðsluaðilar fengu viðurkenningu til eins árs en fimm aðilar fengu viðurkenningu til þriggja ára. Níu námskrár í framhaldsfræðslu voru





vottaðar og birtar á vef Mennamálastofnunar. Viðmið um gerð námskráa í framhaldsfræðslu sem gefin voru út árið 2013 af mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru endurskoðuð í samráði við hagsmunaaðila og uppfærð í framhaldinu. Endurskoðuð viðmið voru birt á vef Menntamálstofnunar.

### Undanþágunefnd framhaldsskóla

Starf undanþágunefndar framhaldsskóla var í föstum skorðum árið 2017 og voru samskipti við framhaldsskólana almennt jákvæð og greið. Alls bárust 49 undanþágubeiðnir til undanþágunefndar framhaldsskóla árið 2017 og voru allar umsóknir samþykktar.

### Matsnefnd um leyfisbréf fyrir kennara

Frá ársbyrjun 2016 hefur Menntamálastofnun, að beiðni mennta- og menningarmálaráðuneytisins, haft umsjón og umsýslu með matsnefnd leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.




Alls bárust 355 umsóknir um leyfisbréf fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara á árinu 2017. Flestar umsóknir eða 165 bárust um leyfisbréf til kennslu í framhaldsskóla, 120 um leyfisbréf í grunnskóla og 70 um leyfisbréf til kennslu í leikskóla. Af þeim 355 umsóknum sem bárust fóru 98 til afgreiðslu matsnefndar. Alls voru 234 umsóknir af þeim 355 sem bárust samþykktar en 121 umsókn var synjað. Hér má sjá yfirlit yfir afgreiðslu umsókna eftir skólastigum.

## Innritun í framhaldsskóla

Alls sóttu 4.012 nemendur um skólavist sem eru rétt tæplega 98,3% þeirra sem útskrifuðust úr grunnskóla um vorið. Líkt og undanfarin ár gafst nemendum kostur á að sækja um tvo skóla. Tæplega 88% umsækjenda fengu skólavist í þeim skóla sem þeir völdu sér í fyrsta vali en til samanburðar má geta þess að á síðasta ári var hlutfall þessara nemenda 90%. Alls fengu 10% nemenda skólavist í þeim skóla sem þeir völdu sér í öðru vali.




### Starfsgreinaráð

Ráðherra skipar til fjögurra ára í senn tólf starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokka eða starfsgreinar. Starfsgreinaráðin eru hvert á sínu sviði ráðherra til ráðgjafar um starfsnám á framhaldsskólastigi. Menntamálastofnun hefur umsjón með starfsemi starfsgreinaráða og eru tvö meginverkefni ráðanna annars vegar að búa til og yfirfara starfslýsingar og hæfnikröfur fyrir störf úti í atvinnulífinu. Hins vegar að yfirfara námsbrautalýsingar starfsnámsskóla sem sendar eru Menntamálastofnun til staðfestingar.

# Fundir og kynningar

## Afmælisráðstefna

Menntamálastofnun stóð fyrir málþingi um námsgögn föstudaginn 1. desember. Á málþinginu var fjallað um námsgögn, tengsl þeirra við kennsluhætti og þróun námsefnis framtíðar. Þingið markaði upphaf stefnumótunar um námsgögn og útgáfu Menntamálastofnunar til ársins 2023.

Jafnframt var þess minnst að í apríl 2017 voru liðin 80 ár frá stofnun Ríkisútgáfu námsbóka. Fyrirlesarar á málþinginu voru þeir Tim Oates frá *Cambridge Assessment* og Ross Mahon, svæðisstjóri *Google* á Norðurlöndum.

Í tengslum við ráðstefnuna var sett saman sýning á teikningum í eigu stofnunarinnar úr námsbókum liðinna ára, allt frá 5. áratug 20. aldar til dagsins í dag. Sýningin vakti mikla athygli og hefur hún nú þegar verið lánuð til sýningahalds. Starfsfólk Menntamálastofnunar hafði veg og vanda af því að setja saman sýninguna þannig að hún endurspeglaði þá miklu flóru teiknara sem unnið hafa fyrir stofnunina í áranna rás.

## Lestur er lykill að ævintýrum

Menntamálastofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands stóðu fyrir ráðstefnunni *Lestur er lykill að ævintýrum* þann 18. nóvember. Ráðstefnunni var ætlað að skapa vettvang fyrir sérfræðinga og fræðimenn til að kynna verkefni er lúta að læsi á leik- og grunnskólastigi. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru R. Malatesha Joshi, doktor í lestrar- og móðurmálskennslu við Texas-háskóla í Austin, Rannveig Oddsdóttir, sérfræðingur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og Jenný Gunnbjörnsdóttir, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri.

Auk aðalfyrirlestra voru á dagskrá tólf málstofur þar sem m.a. var greint frá læsi í leikskólum, samstarfi við foreldra, mikilvægi orðaforða, viðhorfi barna til lestrar og ýmsum árangursríkum aðferðum í námi og kennslu. Setning ráðstefnunnar var í höndum Hr. Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands.

## Niðurstöður lesfimiprófa kynntar

Mennta- og menningarmálaráðherra kynnti niðurstöður lesfimiprófa sem voru lögð fyrir íslenska grunnskólanemendur í fyrsta skipti skólaárið 2016-2017, á blaðamannafundi 28. ágúst. Var þetta í fyrsta sinn sem heildargögn um stöðu og framfarir íslenskra nemenda í lesfimi liggja fyrir. Þar kom fram að fyrstu niðurstöður gefi til kynna að margir skólar hafi náð góðum árangri, sérstaklega í yngstu árgöngunum. Hins vegar bendi staðan til þess að þörf sé á umbótum og að lögð verði áhersla á að bæta lesfimi nemenda á mið- og unglingastigi. Þátttaka í lesfimiprófunum fyrsta árið var afar góð en 75% allra nemenda í 1.-10. bekk tóku þátt í prófunum í maí. Mest þátttaka var í 3. bekk eða 83% en minnst í 10. bekk þar sem 54% nemenda tóku þátt. Alls lögðu 93% skóla prófin fyrir á skólaárinu 2016-2017.







## Opið hús á degi íslenskrar tungu

Menntamálastofnun bauð upp á opið hús fimmtudaginn 16. nóvember. Námsefni til sýnis og ritstjórar og læsisráðgjafar svöruðu fyrirspurnum. Dröfn Vilhjálmsdóttir bókasafnsfræðingur kynnti starfsemi og lestrarhvetjandi verkefni skólasafns Seljaskóla og Bryndís Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Heimili og skóla kynnti Læsissáttmálann.

## Barnabókin er svarið!

Haldið var málþing um börn, lestur og mikilvægi barnabóka í lestrarleikni barna þann 4. október í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að málþinginu stóðu Samtök íslenskra unglinga- og barnabókahöfunda (SÍUNG), Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO og Menntamálastofnun. Fundarstjóri var Gunnar Helgason, rithöfundur og leikari.

## Menntakvika 2017

Þrír sérfræðingar Menntamálastofnunar héldu erindi í málstofunni *Matstæki til eflingar í skólastarfi*. Erindið bar heitið *Framfarir í lestri frá fyrsta til tíunda bekkjar* þar sem fjallað var um framfarir nemenda í lestri og ný lesfimipróf Menntamálastofnunar.

## PISA í hnotskurn

Í febrúar kom út lokaútgáfa skýrslu um niðustöður PISA 2015 og í kjölfarið efndu Menntamálastofnun og Menntavísindasvið Háskóla Íslands til fundaraðar sem kallaðist PISA í hnotskurn. Fundirnir voru alls fjórir: Greining á stöðu lesskilnings, Greining á stöðu læsis á stærðfræði, Greining á stöðu læsis á náttúruvísindi og Einkenni skóla og nemenda. Fundirnir voru vel sóttir og góðar umræður sköpuðust um niðurstöður skýrslunnar.

# Heimsóknir

## Góðar og nytsamlegar ábendingar

Menntamálastofnun heimsótti nemendur í 9. BÞ í Foldaskóla í maí og færði þeim viðurkenningarskjal en haustið 2016 lásu nemendurnir yfir handrit af Gísla sögu fyrir stofnunina. Nemendurnir komu með góðar og nytsamlegar ábendingar sem ritstjórar bókarinnar gátu notað við gerð hennar.




## Góð heimsókn nemenda í ritlist hjá Bókasafni Kópavogs

Nemendur í ritlist hjá Bókasafni Kópavogs heimsóttu Menntamálastofnun í ágúst. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna fyrir nemendum hvernig bók verður til. Gunnar Helgason, rithöfundur las fyrir þau upp úr nýrri bók sem hann vann að.



# Starfsmannamál og fleira

Þann 1. janúar 2017 voru starfsmenn á launaskrá 62 en þann 31. desember 2017 voru þeir 58. Á árinu létu 10 starfsmenn af störfum og 6 nýir voru ráðnir í staðinn.

| | |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna | 58 |
| - Konur | 38 (66%) |
| - Karlar | 20 (34%) |
| Fjöldi stöðugilda | 53 |
| Meðalaldur | 50 |

## Skýrslur

Á árinu komu eftirtaldar skýrslur út á vegum Menntamálastofnunar:

Lokaskýrsla PISA

Rafræn samræmd könnunarpróf - fyrsti áfangi

Rafræn samræmd könnunarpróf - annar áfangi

Ytra mat - 22 skýrslur

Skýrslur í kjölfar lesfimiprófa - 2 skýrslur

Skýrsla starfshóps - íslenska sem annað tungumál 2017 - yfirlit og tillögur að námsefni fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál.

## Heimasíða og samfélagsmiðlar

Menntamálastofnun heldur úti vefnum mms.is og má þar finna hefðbundnar upplýsingar um verkefni Menntamálastofnunar, útgáfu námsefnis og almennar fréttir. Þar má einnig finna upplýsingar um allt útgefið námsefni, námsvefi, læst svæði kennara, Skólagátt og pöntunarsíðu fyrir skóla. Innlit á vefinn á árinu voru 3,2 milljónir og jukust um tæplega 20% frá árinu áður. Fylgjendur á Facebook-síðu stofnunarinnar voru í upphafi árs 1.894 talsins en 2.329 í lok árs.

## Nokkrar tölur úr málaskrá

| | 2017 | 2016 |
|---|---|---|
| Verkefni/mál | 1409 | 1444 |
| Öll skjöl | 12558 | 14249 |
| Innsend bréf | 2912 | 3153 |
| Útsend bréf | 2612 | 2322 |
| Samningar | 652 | 646 |
| Fundargerðir | 159 | 136 |
| Minnisblöð | 35 | 27 |





## Fjárhagur og rekstur

Launakostnaður lækkaði um 4% milli ára eða rúmlega 44 m.kr. Munaði þar mestu um biðlaunagreiðslur sem greiddar voru á árinu 2016. Sölutekjur voru 16,8 m.kr. lægri en árið 2016 og skýrist munurinn á því að stofnunin hætti sölu bóka og þroskaprófa. Framlög ársins hækkuðu um 35 m.kr vegna verkefna sem fluttust frá mennta og menningarmálaráðuneyti.

Vegna nýrra laga um opinber fjármál kemur inn í ársreikning Menntamálastofnunar tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára sem ekki var færð á árinu 2016. Afkoma ársins skýrist að mestu af auknum tekjum og verkefnum sem stofnunin hefur fengið. Auk þess var áætlað að leggjast í breytingar á húsnæði stofnunarinnar sem ekki var við komið á árinu en gert er ráð fyrir þeim kostnaði 2018.

| Yfirlit um afkomu ársins 2017 | 2017 | 2016 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Tekjur samtals | | | |
| Framlög ríkissjóð | 962.026.219 | 926.500.000 | 35.526.219 |
| Seld þjónusta | 11.991.825 | 20.350.151 | -8.358.326 |
| Vörusala | 5.431.758 | 13.935.217 | -8.503.459 |
| Aðrar tekjur | 141.816.813 | 138.323.104 | 3.493.709 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 8.683.968 | - | 8.683.968 |
| **Tekjur samtals** | 1.129.950.583 | 1.099.108.472 | 30.842.111 |






| Gjöld | 2017 | 2016 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 592.858.161 | 638.524.601 | -45.666.440 |
| Framlög og tilfærslur | 8.273.571 | - | 8.273.571 |
| Annar rekstrarkostnaður | 466.829.382 | 431.926.789 | 34.902.593 |
| Afskriftir | 8.683.968 | 3.745.567 | 4.938.401 |
| | 1.076.645.082 | 1.074.196.957 | 2.448.125 |
| | | | |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | 53.305.501 | 24.911.515 | 28.393.986 |
| | | | |
| **Afkoma fyrir fjármagnsliði** | | | |
| Fjármunatekjur og fjármunagjöld | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 128.625 | 1.106.083 | -977.458 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | -66.147 | -226.909 | 160.762 |
| | 62.478 | 879.174 | -816.696 |
| | | | |
| **Afkoma ársins** | 53.367.979 | 25.790.689 | 27.577.290 |

| Heildargjöld pr. svið | 2017 | 2016 | % af heildark. 2017 |
|---|---|---|---|
| Yfirstjórn | 27.883.747 | 45.053.287 | 3% |
| Þjónustusvið | 374.811.359 | 354.723.619 | 35% |
| Miðlunarsvið | 347.213.628 | 355.398.379 | 32% |
| Matssvið | 326.455.317 | 319.248.581 | 30% |
| | 1.076.364.051 | 1.074.423.866 | |

# Viðauki

## Námsefnisútgáfa Menntamálastofnunar 2017

### Einstakir titlar í frumútgáfu 2017

| | |
|---|---|
| Prentað efni | 20 |
| Fræðslumyndir | 1 |
| Hljóðbækur á vef | 10 |
| Rafbækur | 45 |
| Kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef | 20 |
| **Samtals útgefin eintök** | **107726** |
| **Einstakir titlar í endurútgáfu 2017** | |
| Prentað efni | 136 |
| Gagnvirkt efni/námsvefir | 2 |
| Samtals eintök endurprentuð | 335424 |
| | |
| **Samtals framleidd eintök** | **443150** |
| **Samtals afgreidd eintök til skóla** | **552028** |

### Frumútgáfur (20 titlar)

5172 Laxdæla saga – textabók
5631 Sestu og lestu – Geitur í garðinum
7117 Milli himins og jarðar – Ánamaðkar
7120 Dægurspor – grunnbók
7199 Bordbombe – grunnbók
7208 Sögugáttin – Rómanska-Ameríka
7215 TAK – grunnbók
7216 TAK – verkefnabók A
7218 Listin að lesa og skrifa: Í bíltúr 11a
7219 Listin að lesa og skrifa: Músasaga 11b
7220 Listin að lesa og skrifa: Í þoku 12 a
7221 Listin að lesa og skrifa: Þarabær 12 b
7313 Skali 3b – æfingahefti
7339 Orðspor 3 – grunnbók
7340 Orðspor 3 – verkefnabók
7351 Strákaklefinn – unglingastig 1
7352 Gísla saga – unglingastig 2
7374 Skali 3A – æfingahefti
7402 Tónlist og líkaminn – nemendabók
7406 Tónlist og líkaminn – kennarabók

### Kennsluleiðbeiningar, verkefni og lausnir á vef (20 titlar)

8538 Skali 3A – kennarabók
8540 Skali 3a – nemendabók - Lausnir
8541 Skali 3a – æfingahefti – Lausnir
8542 Skali 3B – kennarabók
8553 Skali 3B æfingahefti – Lausnir
8617 Töfraskinna 3 – Kennsluleiðbeiningar
8656 Skali 2B æfingahefti – Lausnir
8659 Skali 2A æfingahefti – Lausnir
8665 Skali 1A – verkefni á vef
8667 Skali 1B – verkefnablöð á vef
8702 Skali 3A nem. – vinnublöð
8761 SARPURINN – Stærðfræðiefni á vef
8846 Skali 1B lausnir – æfingahefti
8847 Skali 1B nemendabók – lausnir
8862 Skali 1A æfingahefti – lausnir
8865 Heimilisfræði 2 – kennsluleiðbeiningar
8866 Heimilisfræði 3 – kennsluleiðbeiningar
8867 Heimilisfræði 4 – kennsluleiðbeiningar
9301 Gísla saga – kennsluleiðbeiningar
9950 Laxdæla – kennsluleiðbeiningar

### Vefefni endurútgefið (2 titlar)

8934 Stærðfræði er skemmtileg – útprentanleg verkefni fyrir stærðfræði
8751 Teningaspil – margföldun

### Hljóðbækur (10 titlar)

8559 Töfraskinna – hljóðbók
8571 TAK – grunnbók – hljóðbók
8580 Söguskinna – hljóðbók
8902 Flökkuskinna – hljóðbók
8999 Laxdæla saga – hljóðbók
9003 Gísla saga – hljóðbók
9055 Ready for Action – hljóðbók
9403 Orðspor 3 – hljóðbók
9603 Milli himins og jarðar – Tunglið, hljóðbók
9604 Milli himins og jarðar – Hvalir, hljóðbók

### Fræðslumynd

2091 Orðaforðalistinn – kynningarmyndband

### Rafbækur (17 titlar)

40020 Rafbók: Sestu og lestu 7 – Geitur í garðinum
40037 Rafbók: TAK – grunnbók
40079 Rafbók: Skali 3A – æfingahefti
40081 Rafbók: Skali 3B – vinnubók
40101 Rafbók: Bordbombe
40107 Rafbók: Leirmótun – verkefni fyrir alla
40108 Rafbók: Strákaklefinn – unglingastig 1
40109 Rafbók: Orðspor 3 – grunnbók
40110 Rafbók: Orðspor 3 – vinnubók
40116 Rafbók: Tónlist og líkaminn – nemendabók
40117 Rafbók: Tónlist og umhverfi – nemendabók
40120 Rafbók: TAK – grunnbók
40126 Rafbók: Gísla saga
40127 Rafbók: Orðaforðalistinn
40134 Rafbók: Laxdæla saga
40139 Rafbók: Dægurspor – grunnbók
40115 Rafbók: Kynningarskrá 2017

### Rafbækur með áður útgefnu efni (28 titlar)

20001 Rafbók: Líf á landi
40004 Rafbók: Milli himins og jarðar – Tunglið
40035 Rafbók: Milli himins og jarðar – Hvalir
40039 Rafbók: Töfraskinna
40051 Rafbók: Skali 1B – Æfingahefti
40070 Rafbók: Leið til læsis – kennarahandbók
40102 Rafbók: Sögugáttin – „Blessað stríðið“
40103 Rafbók: Efnisheimurinn – nemendabók
40105 Rafbók: Mannslíkaminn – Litróf náttúrunnar
40111 Rafbók: Sögugáttin – Fjölskyldan á 20. öld
40112 Rafbók: Sögugáttin – Tækni og framfarir
40113 Rafbók: Sögugáttin – Fyrstu samfélög
40118 Rafbók: Tónlist og Afríka – nemendabók
40121 Rafbók: Málvísir – handbók um málfræði
40122 Rafbók: Átök á Ólympsfjalli
40123 Rafbók: Egils saga
40124 Rafbók: Njáls saga – fyrri hluti
40125 Rafbók: Njáls saga – seinni hluti
40128 Rafbók: Ferðir Ódysseifs
40130 Rafbók: Svaðilför í berjamó – Vinnubók
40131 Rafbók: Ritrún 1
40132 Rafbók: Ritrún 2
40133 Rafbók: Ritrún 3
40138 Rafbók: Trúarbrögð – Gyðingdómur – Sáttmáli þjóðar
40511 Rafbók: Bókin um Tíslu – flettibók

40557 Rafbók: Lífið í Ásgarði
40558 Rafbók: Óðinn og bræður hans
40559 Rafbók: Æsir á fljúgandi ferð

## Endurprentanir á áður útgefnu efni (136 titlar)

6995 Dejlige Danmark – opgavebog
6992 Ekko – vinnubók A
6993 Ekko – vinnubók B
7099 Smil – vinnubók A
6220 Start – grunnbók A
6222 Start – vinnubók
6989 Tænk – vinnubók B
6181 Action – vinnubók A
7093 Action – vinnubók B
6172 Dickory
6173 Dock
6171 Hickory
5102 Portfolio 1 – Work Out
5106 Portfolio 2 – Build Up1
5107 Portfolio – Build Up 2
6980 Right On – Activity Book
7062 Spotlight 10b – vinnubók
7058 Spotlight 8b – vinnubók
7060 Spotlight 9 – vinnubók
5936 Gott og gagnlegt 2 – vinnubók
6287 Gott og gagnlegt 3 – vinnubók
5934 Gott og gagnlegt 1 – vinnubók
5933 Gott og gagnlegt 1 – nemendabók
6182 Heimilisfræði fyrir byrjendur
6224 Ég þoli ekki bleikt
6609 Kæra dagbók
7418 Lesrún – verkefnabók A
7417 Lesrún 2 – verkefnabók
7103 Lestrarlandið – vinnubók 2
7415 Lestrarlandið – vinnubók 2+
7416 Lestrarlandið – vinnubók A+
6745 Lestrarlandið – vinnubók 1
5838 Listin að lesa og skrifa – vinnubók 1
5839 Listin að lesa og skrifa – vinnubók 2
5840 Listin að lesa og skrifa – vinnubók 3
5841 Listin að lesa og skrifa – vinnubók 4
5734 Mál er miðill – vinnubók
5305 Mál í mótun – vinnubók
5479 Mál til komið – vinnubók
5937 Málfræðibókin mín 1
8932 Málið í mark – Fallorð
8911 Málið í mark – Sagnorð
5381 Málrækt 1 – vinnubók
5346 Málrækt 2 – vinnubók
5530 Málrækt 3 – vinnubók
6626 Með fjaðrabliki – Bókmenntaúrval 2
6140 Mér er í mun – Bókmenntaúrval 1
7194 Orðspor 1 – nemendabók
7210 Orðspor 1 – vinnubók
6187 Ritrún 2
6175 Ritrún 3
5197 Sestu og lestu 2 – Danski draugurinn
5210 Sestu og lestu 3 – Ævintýri í Ingólfsfjalli
5709 Skinna – verkefnabók 1
6751 Smábók – Putalestin
5113 Við lesum B – vinnubók
6193 Ertu? – vinnuhefti í lífsleikni
6961 Komdu og skoðaðu – Hvað gera dýrin?
7394 Litróf – Eðlisfræði 2
6198 Maðurinn hugur og heilsa – vinnubók
7189 Könnum kortin 1
6397 Norðurlönd – vinnubók
6816 Í dagsins önn – 1. hefti
7392 Listin að lesa 10b – Í tívolí
7174 Listin að lesa 1b – Alli risi á Lása
7175 Listin að lesa 2b – Rósi
7176 Listin að lesa 3b – Sómi og Ósómi
7177 Listin að lesa 4b – María
7178 Listin að lesa 5b – Móri í Laos
7179 Listin að lesa 6b – Á Nesi
7389 Listin að lesa 7b – Amma Júlía
7390 Listin að lesa 8b – Jóli og Jóla
7391 Listin að lesa 9b – Lús
5712 Listin að lesa og ... – Orðasafn
6144 Loftur og gullfuglarnir – vinnubók
7018 Óboðnir gestir – vinnubók
5430 SKRIFT 2
5411 SKRIFT 3
5431 SKRIFT 4
5412 SKRIFT 5
6163 Í undirdjúpunum – deiling
6155 Í undirdjúpunum – frádráttur
6162 Í undirdjúpunum – margföldun
6154 Í undirdjúpunum – samlagning
7413 Skali 1a – nemendabók
7410 Skali 1b – nemendabók
7382 Skali 2a – nemendabók
6170 Sproti 1a nemendabók
6174 Sproti 1a – æfingahefti
7424 Sproti 1b – nemendabók
7425 Sproti 1b – æfingahefti
6212 Sproti 2a – nemendabók
6213 Sproti 2a – æfingahefti
6208 Sproti 2b – nemendabók
6214 Sproti 2b – æfingahefti
6210 Sproti 3a – nemendabók
6211 Sproti 3a – æfingahefti
6217 Sproti 3b – nemendabók
6218 Sproti 3b – æfingahefti
7020 Sproti 4a – nemendabók
7021 Sproti 4a – æfingahefti
7022 Sproti 4b – nemendabók
7152 Stika 3a – æfingahefti
5366 Viltu reyna? Blár
5986 Nýir skólasöngvar
5783 Aðgát í umferðinni
7090 Ítalíuskrift 1A
7095 Ítalíuskrift 2A
5586 Viltu reyna? Gulur
5574 Viltu reyna? Grænn
5590 Viltu reyna? Rauður
6000 Listin að lesa 7a – Melóna
6132 Græni gaukurinn – smábók
6147 Drekadansinn – smábók
6196 Númi slysavarnir smábók
6617 Sófus og svínið
6280 Grammatik
7190 Könnum kortin 2
9191 Kennslupeningar – askja
6186 Ritrún 1
6187 Ritrún 2
6222 Start – vinnubók
6223 Smart – vinnubók
7023 Sproti 4b – æfingahefti
7211 Orðs por 2 – grunnbók
8818 Málið í mark – Óbeygjanleg orð
5965 Málfræðibókin mín – 2. hefti
5966 Málfræðibókin mín – 3. hefti
7101 Ready for Action – nemendabók
7194 Orðspor 1 – grunnbók
5101 Portfolio – Speak Out
6193 Ertu? – Vinnubók í lífsleikni
6018 Ísland – veröld til að njóta
7379 Skali 2b – nemendabók
6154 Í undirdjúpunum – Samlagning
7204 Orðspor 2 – vinnubók

ÁRSRIT | Menntamálastofnunar 2017